

## **Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar 2006 - 2007**

Í eftirfarandi skrá er getið um þau lagafrumvörp sem unnið er að í einstökum ráðuneytum og áformað er að flytja á 133. löggjafarþingi. Flutt kunna að verða fleiri frumvörp en getið er og atvik geta einnig hindrað flutning einstakra frumvarpa. Jafnframt eru taldar upp tillögur til þingsályktunar, sem ætlunin er að flytja.

### **Forsætisráðuneytið**

1. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003.* Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Samkvæmt frumvarpinu er verið að víkka út starfsemi Vísinda- og tækniráðs þannig að það taki til umfjöllunar málefni atvinnuþróunar auk málefna vísinda, tækni og nýsköpunar eins og nú er gert.

2. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um ráðstöfun söluandvirðis Landssíma Íslands hf.* Í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að draga úr þenslu er gert ráð fyrir að framkvæmdum fjármögnuðum af söluandvirði Landssímans hf. verði frestað að einhverju leyti.

3. *Frumvarp til laga um breyting á upplýsingalögum.* Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með frumvarpinu eru uppfylltar skyldur íslenska ríkisins um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera inn í IX. viðauka við EES-samninginn. Markmið frumvarpsins er að auka möguleika fyrirtækja og einkaaðila á að endurnota upplýsingar frá hinu opinbera og gera þeim kleift að hagnýta möguleika þeirra og stuðla að hagvexti og atvinnusköpun.

4. *Frumvarp til laga um heimild til að afsala til Landsvirkjunar vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar.* Þetta frumvarp var flutt á 132. löggjafarþingi en ekki náðist að ljúka afgreiðslu þess. Markmið frumvarpsins er að tryggja eignarhlut ríkisins í Landsvirkjun. Það snýst um að færa eignarrétt til Landsvirkjunar á landi því og vatnsréttindum sem ríkið lagði til sem stofnframlag árið 1965.

### **Dóms- og kirkjumálaráðuneytið**

1. *Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum.* Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Það felur í sér endurskoðun á tilteknum ákvæðum í kynferðisbrotakafla laganna.

2. *Frumvarp til laga um breyting á dómstólalögum.* Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Sú meginbreyting er lögð til í frumvarpinu, að dómstjóra héraðsdómstóls verði veitt heimild til að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara að fara með dómstörf að ákveðnu afmörkuðu leyti.

3. *Frumvarp vegna flutnings afgreiðsluverkefna frá ráðuneytinu.* Frumvarpið er liður í átaki dóms- og kirkjumálaráðherra að fá sýslumannsembættum aukin verkefni vegna nýskipunar lögreglumála.

4. *Frumvarp til laga um meðferð sakamála. Frumvarp til laga um nálgunarbann.* Frumvörpin eru afrakstur heildarendurskoðunar á lögum um meðferð opinberra mála.

5. *Frumvarp til laga um almannavarnir og tengd frv.* Um er að ræða endurskoðun á lögum um almannavarnir í ljósi breyttra áherslna og aukinna verkefna.

6. *Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum.* Um er að ræða endurskoðun á ákvæðum laganna um öryggisráðstafanir o.fl., um eignaupptöku og vegna fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna gegn skipulagðri glæpastarsemi (Palermó-samningsins). Enn fremur er unnið að endurskoðun á ákvæði 106. gr. laganna, til að sporna við ofbeldi gegn lögreglumönnum.

7. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um útlendinga.* Frumvarp þetta verður flutt í tengslum við frumvarp félagsmálaráðherra um breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Um er að ræða endurskoðun á köflum þessara tveggja laga um dvalarleyfi og um atvinnuleyfi. Þá eru í þessu frumvarpi lagðar til breytingar á kaflanum um áritanir auk þess sem lagt er til að tekin verði upp skýrari ákvæði um meðferð mála þegar útlendingar á landamærunum fullnægja ekki landgönguskilyrðum.

8. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.* Um er að ræða heildarendurskoðun á skilyrðum fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

### **Félagsmálaráðuneytið**

1. *Frumvarp til innleiðingar á efni tilskipunar ráðsins, nr. 2002/14/EB, frá 11. mars 2002, um upplýsingar og samráð við starfsmenn innan Evrópusambandsins.* Frumvarpið felur í sér innleiðingu í íslenskan rétt á efni Evróputilskipunar sem varðar skyldu atvinnurekenda til upplýsingar og samráðs vegna breytinga innan fyrirtækja. Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en ekki náðist að ljúka afgreiðslu þess og er það því lagt fram að nýju í óbreyttri mynd.

2. *Frumvarp til innleiðingar á efni tilskipunar ráðsins nr. 2003/72/EB, um Evrópusamvinnufélög.* Frumvarpið felur í sér innleiðingu í íslenskan rétt á efni Evróputilskipunar um Evrópusamvinnufélög.

3. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um lögheimili, nr. 21/1990, með síðari breytingm, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingm.* Frumvarpið byggir á tillögum starfshóps, sem ætlað var að meta áhrif dóms Hæstaréttar frá 14. apríl 2005 í máli nr. 474/2004 varðandi búsetu í frístundabyggð á þjónustuhlutverk sveitarfélaga. Lagt er til að kveðið verði á um að dvöl í húsnæði sem byggt er á svæði sem skipulagt er sem frístundabyggð geti ekki talist ígildi fastrar búsetu og að skráning lögheimilis í slíku húsnæði verði af þeirri ástæðu óheimil.

4. *Frumvarp til laga um gatnagerðargjald.* Um er að ræða ný heildarlög. Gatnagerðargjald er í frumvarpinu skilgreint sem skattur af fasteignum í þéttbýli, sem er í samræmi við dómaframkvæmd. Jafnframt er leitast við að einfalda álagningu gatnagerðargjalds, auka gagnsæi og fyrirsjáanleika álagningar og auðvelda samanburð á milli sveitarfélaga en um leið viðhalda því

svigrúmi sem sveitarfélög hafa í gildandi lögum til að ákvarða álagningarhlutfall og beitingu lækkunarheimilda vegna sérstakra aðstæðna.

5. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um Lánasjóð sveitarfélaga.* Frumvarpið felur m.a. í sér breytta skilgreiningu á eignarhaldi og að rekstrarformi sjóðsins verði breytt í opinbert hlutafélag.

6. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga o.fl.* Frumvarpið kveður m.a. á um fjölgun flokka atvinnuleyfa og verður lagt fram samhliða frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um breytingu á útlendingalögum.

7. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.* Um er að ræða breytingar sem m.a. varða ferðaþjónustu, sumardvalir og önnur atriði sem nauðsynlegt er talið að skýra.

8. *Frumvarp til laga um breyting á barnaverndarlögum, nr. 80/2002.* Frumvarpið felur í sér breytingar á ýmsum ákvæðum sem skýra þarf betur í ljósi reynslu af framkvæmd laganna.

9. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingm.* Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir tæknilegum breytingum vegna reglna Evrópuréttar.

10. *Frumvarp til laga um breyting á jafnréttislögum nr. 96/2000.* Nefnd með aðild allra þingflokka undir formennsku Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrv. hæstaréttardómara, vinnur að endurskoðun jafnréttislaga í tilefni af 30 ára gildistíma. Gert er ráð fyrir að nefndin geri tillögur um tilteknar breytingar á gildandi lögum m.a. m.t.t. Evrópuréttar.

## **Fjármálaráðuneytið**

1. *Frumvarp til fjárlaga 2007*

2. *Frumvarp til fjáraukalaga 2006*

3. *Frumvarp til lokafjárlaga 2005*

4. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt*

5. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða*

6. *Frumvarp til laga um breyting á lögum er varða lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna*

7. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald o.fl.*

8. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga*

9. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald*

10. *Frumvarp til laga um breyting á tollalögum nr. 88/2005*
11. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt*
12. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 97/1987, um vörugjald*
13. *Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins*
14. *Frumvarp til laga um stofnanir fyrir starfstengd eftirlaun*
15. *Frumvarp til laga um opinber innkaup*
16. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna*

## **Hagstofa Íslands**

1. *Frumvarp til laga um opinbera hagskýrslugerð og Hagstofu Íslands.* Um er að ræða tillögu um setningu nýrra laga en núverandi stofnlög Hagstofunnar eru frá árinu 1913 og þarfnast því endurnýjunar.
2. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um vísitölu neysluverðs.* Með frumvarpinu verður lagt til að vísitalan verði miðuð við verðlag um miðjan hvern mánuð í stað byrjunar hvers mánaðar eins og kveðið er á um í gildandi lögum. Þessi breyting er gerð til fylgja ákvæðum nýlegrar reglugerðar ESB um að útreikningur hinnar samræmdu vísitölu EES-ríkja skuli miðast við verðlag um miðjan mánuð í öllum ríkjunum.

## **Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið**

1. *Frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu.* Heildarendurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Rammalöggjöf m.a. um skipulag heilbrigðisþjónustu og verkaskiptingu, stjórn heilbrigðisstofnana, samninga um heilbrigðisþjónustu og gæði heilbrigðisþjónustu.
2. *Frumvarp til laga um embætti landlæknis.* Ákvæði um landlækni í lögum um heilbrigðisþjónustu og helstu ákvæði annarra laga um landlæknisembættið útfærð nánar og felld í sérstakan lagabálk. Kveðið skýrar á um hlutverk landlæknisembættisins sem eftirlits- og stjórnsýslustofnunar. Frumvarpið verður lagt fram samhliða frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu.
3. *Frumvarp til laga um Heyrnar- og talmeinstöð.* Ákvæði um heyrnar- og talmeinstöð eru nú í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Ekki þykir fara vel á því að hafa svo ítarleg ákvæði um eina heilbrigðisstofnun í rammalöggjöf um skipulag heilbrigðisþjónustu. Því er lagt til að núgildandi ákvæði um Heyrnar- og talmeinstöð verði tekin nær óbreytt í sérlæg um stofnunina. Frumvarpið verður lagt fram samhliða frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu.

4. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um tæknifrjóvgun nr. 55/1996.* Frumvarpið felur í sér breytingar á ákvæðum laganna sem varða heimildir til notkunar á fósturvísnum manna til stofnfrumurannsókna.

5. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.* Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra hækkað í samræmi við vísitölubreytingar.

6. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999.* Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögnum í samræmi við samkomulag við Landssamband eldri borgara. Breytingarnar miða einkum að því að hækka lífeyrisgreiðslur í áföngum.

7. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði nr. 139/1998.* Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði í samræmi við dóm Hæstaréttar í máli nr. 151/2003.

8. *Frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum nr. 93/1994.* Breytingar á ákvæðum varðandi ákvörðun lyfjaverðs og afslætti.

9. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um réttindi sjúklinga.* Samþykki í vísindarannsóknum, rafrænar sjúkraskrár, hýsing, aðgangur að sjúkraskráum o.fl.

10. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um sálfræðinga nr. 40/1976.* Breytingar á ákvæðum varðandi menntunarkröfur til sálfræðinga.

11. *Frumvarp til laga um breyting á sóttvarnalögum nr. 19/1997*  
Breytingar vegna ákvæða í heilbrigðisreglugerð WHO.

12. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999*  
Heildarendurskoðun.

### **Iðnaðarráðuneytið**

1. *Frumvarp til laga um hitaveitur.* Endurskoðun ákvæða orkulaga nr. 58/1967 um hitaveitur. Á undanförmum árum hafa flestir aðrir þættir löggjafar um orkumál verið endurskoðaðir og hafa orkulög nú einvörðungu að geyma ákvæði um hitaveitur sem hafa að efni til staðið óbreytt frá 1940. Í frumvarpinu er fjallað um starfsleyfi, gjaldskrármál, neytendavernd o.fl.

2. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um Orkustofnun.* Í lögum nr. 107/2006 um að skrá losun gróðurhúsalofttegunda er kveðið á um að Orkustofnun skuli taka saman og skila upplýsingum um orkumál. Misbrestur hefur verið á því að olúfyrirtæki skili inn upplýsingum til Orkustofnunar um eldsneytisinnflutning. Í ljósi skyldna Orkustofnunar er þörf á að leggja lagaskyldu á slík fyrirtæki að skila inn upplýsingum.

3. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.* Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 5/2006, um breytingu á lögum, nr. 57/1998, um

rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, bar auðlindanefnd að skila niðurstöðum í formi lagafrumvarps eigi síðar en 15. september sl. Í kjölfarið verðu lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í frumvarpinu verður m.a. kveðið á um hvernig staðið skuli að vali á milli umsækjenda um rannsóknar- og nýtingarleyfi.

4. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.* Undir stjórn ráðuneytisins er nú unnið að endurskoðun löggjafar er snertir olíuleit. Að verkefninu koma nokkur ráðuneyti. Vinna ráðuneytisins við endurskoðun löggjafar um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis er langt komin og eru drög að frumvarpi tilbúin. Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á núgildandi lögum varðandi stjórnslu og fyrirkomulag olíuleitarmála.

5. *Frumvarp til laga um breyting á raforkulögum o.fl.* Innleiða þarf ákvæði nokkurra tilskipana Evrópusambandsins um orkumál. Um er að ræða minniháttar tæknilegar breytingar. Ráðuneytið hefur haft samráð við Orkustofnun, Landsnet og Samorku vegna þessa.

6. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um Landsvirkjun.* Hafnar eru að nýju viðræður við sameigendur ríkisins að Landsvirkjun um kaup á hlut þeirra í fyrirtækinu. Ef af kaupum verður þarf að gera breytingar á lögum um Landsvirkjun.

7. *Frumvarp til laga um breyting á ýmsum orkulögum.* Í tengslum við kaup á hlut sameigenda ríkisins í Landsvirkjun hefur verið rætt um að ríkið setji þau orkufyrirtæki sem eru alfarið í eigu þess í eina samstæðu. Til að svo geti orðið þarf að gera smávægilegar breytingar á lögum um stofnun hlutafélags um RARIK og Orkubú Vestfjarða. Þá er einnig hugsanlegt að gera þurfi breytingu á lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja en þessar breytingar yrðu allar í einu frumvarpi.

8. *Frumvarp til laga um ráðstöfun “íslenska ákvæðisins”.* Umhverfisráðherra hefur boðað að unnið verði að frumvarpi til laga um losun gróðurhúsalofttegunda og aðgerðir Íslands til að standa við almennar skuldbindingar samkvæmt Kýmót-bókuninni. Samhliða þessari vinnu þarf iðnaðarráðuneytið að semja frumvarp sem heimili iðnaðarráðherra að ráðstafa heimildum samkvæmt hinu svokallaða “íslenska ákvæði” til þeirra stóriðjufyrirtækja sem geta fallið undir það.

9. *Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.* Markmið frumvarpsins er að ná sem mestum árangri í þeirri starfsemi iðnaðarráðuneytisins sem lýtur að tæknirannsókn, nýsköpun og atvinnuþróun. Í því er lagt til að sameina þessa starfsemi undir eina heildstæða stefnumótun og framkvæmd. Til yrði ný stofnun Nýsköpunarmiðstöð Íslands við sameiningu Byggðastofnunar, Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Tækniþróunarsjóður yrði áfram sérstakur sjóður sem heyrði undir iðnaðarráðuneyti og það sama myndi gilda um Byggðasjóð sem hefði það hlutverk að veita ábyrgðir á lán til starfsemi á hinu svokallaða byggðakorti.

10. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.* Frumvarpinu er ætlað að tengja Nýsköpunarsjóð betur við stefnumótun ríkisstjórnarinnar í málefnum rannsókna, nýsköpunar og atvinnuþróunar. Meðal annars er í því kveðið á um að sjóðnum sé aðallega ætlað að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Þá er gerð tillaga um að sjóðnum verði veitt

heimild til að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum, sbr. 5. gr. laga nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf.

Meðal annarra breytinga er lagt til að eigið fé Nýsköpunarsjóðs verði að lágmarki 3.000 millj. kr., sem muni taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Einungis megi ávaxta eigið fé, sem ekki er bundið í fjárfestingarverkefnum eða lánnum, í samræmi við fjárfestingarstefnu sem kveðið verður á um í reglugerð og starfsreglum stjórnar. Skylda er lögð á Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins að útvista ávöxtun framangreinds eigin fjár.

*11. Frumvarp til laga um lagagildi sjötta viðaukasamnings við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holding Switzerland Ltd. um álbræðslu í Straumsvík. Samkvæmt grein 33.03 í aðalsamningnum má Alcan á Íslandi hf., á gildistíma samningsins, velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum sem í gildi eru hverju sinni. Samkvæmt sama ákvæði skulu aðilar þegar ganga til samninga um breytinguna þegar slík beiðni berst.*

Í maí 2003 óskaði félagið eftir því að nýta sér þennan rétt. Samningaviðræður um yfirfærsluna yfir í hið almenna skattkerfi hófust þegar og unnið var í málinu af beggja hálfu þar til í desember 2005 en þá hætti Alcan viðræðum um málið. Í júní 2006 tók Alcan málið upp aftur og óskaði eftir áframhaldandi viðræðum og þær standa enn yfir. Takist að ljúka þeim viðræðum á næstu vikum þarf að leggja fram umrætt frumvarp.

*12. Frumvarp til laga um breyting á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi nr. 43/1999. Iðnaðarráðherra skipaði á síðastliðnu ári nefnd til þess að undirbúa ákvörðun um hvort framlengja skyldi gildistíma endurgreiðslulaganna. Nefndin var skipuð fulltrúum frá iðnaðar-, fjármála- og menntamálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands. Endurskoðunarnefndin fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að skoða áhrif laganna á íslenskan kvikmyndaiðnað í ljósi þeirra fjármuna sem ríkisvaldið hefur lagt fram til að styrkja greinina. Í skýrslunni segir að ríkissjóður beri að öllum líkindum ekki byrði vegna endurgreiðslanna og er þar horft til þess að skatttekjur ríkissjóðs vegna kvikmyndagerðar eru hærri en sem nemur endurgreiðslunum.*

Lagði nefndin til að lögin yrðu framlengd til ársloka 2011 eða um fimm ár. Samkvæmt núgildandi lögum falla þau úr gildi um næstu áramót.

*13. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 62/1997, um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga, með síðari breytingum. Með lögum nr. 62/1997 var iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samninga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um álver á Grundartanga. Eftir viðræður íslenskra stjórnvalda og fulltrúa Norðuráls ehf. var ljóst að þörf var á tvenns konar breytingum á lögum, annars vegar ákveðnum breytingum vegna ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í tengslum við stækkun álvers Norðuráls ehf., og hins vegar lögðu fulltrúar Norðuráls ehf. til breytingar á samningi sínum við ríkið sem kynnu að fela í sér breytingar á lögum.*

Með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 1. júní 2005, vegna eftirgjafar á sköttum og öðrum gjöldum í þágu álvers Norðuráls ehf. á Grundartanga, kom fram að stofnunin teldi að íslenskum stjórnvöldum bæri að grípa til viðeigandi aðgerða til að gæta þess að samningar við Norðurál ehf. fælu ekki í sér óeðlilega mismunun á ríkisstyrkjum til aðila. Stofnunin taldi að breytinga væri þörf

bæði á fjárfestingasamningi íslenskra stjórnvalda og Norðuráls ehf. sem og á lögum nr. 62/1997. Tilgangur frumvarps þessa er að verða við tilmælum stofnunarinnar í framangreindri ákvörðun.

### **Landbúnaðarráðuneytið**

1. *Frumvarp til laga um breyting á jarðalögum nr. 81/2004.* Þetta frumvarp var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með frumvarpinu er ætlunin að skýra orðalag tiltekinna greina og bæta við nokkrum ákvæðum í lögin, m.a. gleggri ákvæðum um stofnun lögbýla, o.fl., í ljósi fenginnar reynslu.

2. *Frumvarp til laga um breyting á lax- og silungsveiðilögum nr. 61/2006.* Á 132. löggjafarþingi voru ný lax- og silungsveiðilög samþykkt ásamt fjórum lagabálkum sem tengjast lögunum. Frumvarpinu er ætlað að gera nokkur ákvæði hinna nýju laga skýrari í ljósi fenginnar reynslu.

3. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum nr. 96/1997.* Þetta frumvarp var flutt á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Með frumvarpinu er ætlunin að kveða nánar á um lagaheimild til töku tiltekins heilbrigðiseftirlitsgjalds. Frumvarpið tekur mið af reglum Evrópusambandsins á þessu sviði.

4. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um varnir gegn landbroti nr. 91/2002.* Með frumvarpi þessu eru þær valdheimildir sem landbúnaðarráðherra hafði skv. eldri vatnalögum nr. 15/1923 á sviði varna gegn eyðingu lands vegna ágangs vatnsfalla, færðar í lög um varnir gegn landbroti.

5. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara nr. 99/1993.* Frumvarpinu er m.a. ætlað að lögfesta nauðsynlegar breytingar vegna gerðar nýs sauðfjársamnings í stað gildandi samnings, sem rennur út á næsta ári.

6. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um búnaðarfræðslu nr. 57/1999.* Með frumvarpinu er Hólaskóla veitt formleg staða háskóla. Kveðið er á um skipulag stofnunarinnar og markmið hennar og einstök ákvæði laganna eru löguð að þessari breytingu á stöðu Hólaskóla.

### **Menntamálaráðuneytið**

1. *Frumvarp til laga um ríkisútvarpið ohf.* Frumvarpið felur í sér breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins úr ríkisstofnun í opinbert hlutafélag. Frumvarpið tekur mið af breytingatillögum í nefndarálit meirihluta menntamálanefndar við meðferð frumvarps til laga um Ríkisútvarpið hf, sem lagt var fram á síðasta þingi (132. löggjafarþing, 401. mál).

2. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 36/1982, um Sinfóníuhljómsveit Íslands.* Frumvarpið tengist framlagningu frumvarps til laga um Ríkisútvarpið ohf. og felur í sér að felld er niður lögbundin greiðsluþátttaka Ríkisútvarpsins í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

3. *Frumvarp til laga um breyting á útvarpslögum, nr. 53/2000, lögum um prentrétt, nr. 57/1956, og samkeppnislögum, nr. 44/2005, með síðari breytingm.* Frumvarpið byggir á tillögum sérstakrar

nefndar um fjölmiðla sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka á Alþingi og birtust í sérstakri skýrslu sem afhent var menntamálaráðherra í apríl 2005. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þing en hlaut ekki afgreiðslu (132. löggjafarþingi, 791 mál).

4. *Frumvarp til æskulýðslaga.* Frumvarpið er afrakstur heildarendurskoðunar á gildandi lögum um æskulýðsmál, nr. 24/1970, sem fór fram á vegum nefndar sem menntamálaráðherra skipaði til starfans. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þing en hlaut ekki afgreiðslu (132. löggjafarþingi, 434 mál).

5. *Frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands.* Með frumvarpinu er Náttúruminjasafni Íslands ætlað að verða höfuðsafn á sviði náttúruminja í samræmi við ákvæði safnalaga, nr. 106/2001. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þing en hlaut ekki afgreiðslu (132. löggjafarþingi, 688 mál).

6. *Frumvarp til laga um námsgögn.* Í frumvarpi þessu er mælt fyrir um breytingar á því með hvaða hætti ríkisvaldið leggur grunnskólum í landinu til námsgögn og styður við þróun og gerð námsefnis á leik-, grunn-, og framhaldsskólastigi. Frumvarpið er afrakstur endurskoðunar á gildandi lögum um Námsgagnastofun, nr. 23/1990, sem fór fram á vegum nefndar sem menntamálaráðherra skipaði til starfans.

7. *Frumvarp til leikskólalaga.* Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um leikskóla nr. 78/1994.

8. *Frumvarp til grunnskólalaga.* Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um grunnskóla nr. 66/1995.

9. *Frumvarp til framhaldsskólalaga.* Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996.

### **Samgönguráðuneytið**

1. *Frumvarp til laga um breyting á hafnalögum nr. 61/2003.* Endurskoðun hafnalaga á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laganna. Endurskoðunin beinist sérstaklega að gjaldtökuheimildum hafna. Höfð hefur verið hliðsjón af sjónarmiðum Hafnasambands sveitarfélaga og ábendingum í áliti umboðsmanns Alþingis varðandi tiltekna gjaldtöku.

2. *Frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa og annarra skipa (breyting á lögum nr. 112/1984, 113/1984 og 43/1987).* Frumvarpið sem lagt var fram á 132. löggjafarþingi náði ekki fram að ganga. Frumvarpið miðar m.a. að því að taka í íslenska löggjöf ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, stuðla að samræmingu atvinnuréttinda til starfa á kaupskipum og öðrum skipum og lögskráningu sjómanna. Þá er lagt til að skírteini skipstjórnarmanna miðist við lengd skips í stað brúttórúmlestatölu þess og að Siglingastofnun Íslands verði falin útgáfa atvinnuskírteina til skipstjórnar- og vélstjórnarmanna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir auknum kröfum til stjórnunar skemmtibáta. Að lokum er lagt til að sameinaðar verði undanþágunefnd og mönnunarnefnd fiskiskipa.

3. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um siglingavernd nr. 50/2004.* Helstu breytingar taka mið af nýjum reglugerðum Evrópusambandsins um aukið öryggi skipa, öruggari hafnaraðstöðu, um eftirlit á sviði siglingaverndar og reglum um aukna hafnavernd. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að lögin taki til ákveðinna farþegaskipa í innanlandssiglingum auk útgerða. Einnig gerir frumvarpið ráð fyrir heimildum Siglingastofnunar til þess að bregðast við brotum á reglum um siglingavernd, t.d. með kyrrsetningu skipa (farbann).

4. *Frumvarp til laga um breyting á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á skráningu og þinglýsingu skipa.* Stefnt er að breytingum á ýmsum lögum vegna breytts fyrirkomulags á þinglýsingu skipa í samvinnu við dómsmálaráðuneytið. Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Helstu breytingar sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu felast í samræmdum þinglýsingargagnagrunni fyrir skip, einföldun á framkvæmd þinglýsingar vegna skipa með því að færsla þinglýsingarbóka skipa og báta verði hjá einu embætti í stað 27 eins og nú er. Komið verður á rafrænni móttöku og færslu skjala, einfölduð framkvæmd nauðungarsölu á skráðum skipum og breyting gerð á mælieiningu skipa úr rúmllestum í brúttótonn.

5. *Frumvarp til laga um breyting á fjarskiptalögum nr. 81/2003.* Helstu breytingar sem lagðar verða til í frumvarpinu varða neytendavernd og öryggismál en þær breytingar byggjast á tillögum starfshóps sem samgönguráðherra skipaði um öryggi fjarskipta í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið. Einnig er gert ráð fyrir breytingum varðandi gjaldamál.

6. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.* Frumvarpið, sem lagt var fram á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga, er endurunnið til framlagningar á haustþingi. Samkvæmt því verða verkefni úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála flutt í samgönguráðuneytið. Þá er lagt til að stofnuninni verði heimilað að birta úrskurði sína og ákvarðanir. Auk þess eru lagðar til breytingar á gjaldtökuákvæðum laganna með það að markmiði að skjóta sterkari og skýrari stoðum undir gjaldaheimildir stofnunarinnar.

7. *Frumvarp til vegalaga.* Unnið er að heildarendurskoðun vegalaga með það að meginmarkmiði að hafa hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa í þjóðfélaginu frá því að núgildandi lög tóku gildi. Endurskoðunin hefur einkum beinst að stjórnskipulagi vegamála og verkaskiptingu meðal annars aðskilnaði stjórnslu frá öðrum verkefnum Vegagerðarinnar. Einnig er til skoðunar uppbygging laganna, gildissvið þeirra og flokkun vega, ásamt skipulagsmálum og samskiptum við sveitarfélög.

8. *Frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum nr. 50/1987.* Helstu breytingar frumvarpsins miða að því að herða viðurlög við umferðarlagabrotum, m.a. með heimild til umráðasviptingar og upptöku ökutækja, með auknum kröfum til ökukennslu auk takmarkana á akstri ökumanna með bráðabirgðaskírteini.

9. *Frumvarp til laga um breyting á lögum flutningsssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi nr. 24/1982.* Lögin verða endurskoðuð með tilliti til aðlögunar að rekstrarumhverfi landflutninga eins og það er í dag.

10. *Frumvarp til laga um breyting á loftferðalögum nr. 60/1998.* Helstu breytingar miða að því að innleiða nýjar gerðir Evrópusambandsins og að ná fram breytingum á gjaldaákvæðum laganna.

11. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um Flugmálastjórn Íslands nr. 10/2006*  
Frumvarpinu er ætlað að breyta gjaldaákvæðum laganna.

12. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966.*  
Lögin verða endurskoðuð með tilliti til alþjóðasamnings um skráningu réttinda í loftförum (Höfðaborgarsáttmálans) sem unnið er að fullgildingu á.

13. *Frumvarp til laga um veitinga-og gististaði.* Í samgönguráðuneytinu er nú, í samvinnu við dómsmálaráðuneytið, unnið að frumvarpi að nýjum lögum um veitinga-og gistirekstur sem jafnframt muni taka yfir þann þátt áfengislaga sem snýr að útgáfu áfengisveitingaleyfa. Er stefnt að því að sameina hluta þeirra leyfa sem rekstraraðilar þurfa nú að afla sér og þannig gera leyfisveitingar einfaldari og umsóknarferlið samræmt og skilvirkt, auk þess sem það verði rafrænt þar sem því verður við komið.

14. *Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun 2007 - 2018.* Á haustþingi verður lögð fram tillaga til þingsályktunar um tólf ára samgönguáætlun 2007 - 2018. Núgildandi áætlun og sú fyrsta er áætlun fyrir árin 2003 - 2014. Framangreind tillaga er fyrsta endurskoðun hennar en endurskoða ber tólf ára samgönguáætlun á fjögurra ára fresti sbr. lög nr. 71/2002. Áætlunin tekur til fjáröflunar og útgjalda til flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. hafnamála og sjóvarna, svo og til reksturs viðkomandi stofnana. Í samgönguáætlun er skilgreint það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gerð er grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Jafnframt er mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu tólf ár. Þá er í samgönguáætlun tekið tillit til þarfa ferðaþjónustunnar fyrir bætta samgöngur.

15. *Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2007 – 2010.* Á haustþingi verður, samhliða framlagningu á tillögu um tólf ára samgönguáætlun 2007 - 2018, lögð fram tillaga að fjögurra ára samgönguáætlun 2007 - 2010. Þessi áætlun er endurskoðuð á tveggja ára fresti, en núgildandi áætlun sem hér er endurskoðuð, tekur til árana 2005 - 2008. Tekjur og gjöld fjögurra ára áætlunarinnar rúmast innan ramma tólf ára samgönguáætlunar. Í fjögurra ára samgönguáætlun er áætlun fyrir hvert ár tímabilsins fyrir hverja stofnun samgöngumála., þ.e. Flugmálastjórn Íslands, Siglingastofnun Íslands og Vegagerðina. Sundurliðun fjögurra ára áætlunar er hagað þannig að ábyrgð og fjárheimildir hverrar stofnunar koma skýrt fram. Kaflar hennar skiptast m.a. í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. Nú er umferðaröryggisáætlun einnig tekin með. Gerð er grein fyrir fjáröflun og útgjöld eru sundurliðuð eftir einstökum framkvæmdum, rekstri, þjónustu og viðhaldi eftir því sem við á.

## **Sjávarútvegsráðuneytið**

1. *Frumvarp (bandormur) sem gerir ráð fyrir nokkurri tilslökun og samræmingu á viðurlagaákvæðum eftirfarandi laga:*

- a) Lög nr. 116, 10. ágúst 2006 um stjórn fiskveiða.
- b) Lög nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni nytjastofna sjávar

- c) Lög nr. 79, 27. desember 1997, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands.
- d) Lög nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.
- e) Lög nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

2. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.* Hér er um að ræða skerpingu á ákvæðum laganna sem eiga að styrkja stöðu stjórnvalda til að koma í veg fyrir ólögmætar veiðar á úthafinu.

3. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða.* Nánari reglur um úthlutun byggðakvóta og tómsundaveiðar aðila sem greiða gjald fyrir.

4. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 79, 27. desember 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.* Nánari heimildir til friðunar viðkvæmra svæða á hafsbotni og heimildir til að samræma reglur sem gilda innan og utan lögsögu Íslands.

## **Umhverfisráðuneytið**

1. *Frumvarp til skipulagslaga.* Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á skipulagsþætti skipulags- og byggingarlaga. Með frumvarpinu er undirbúningur skipulags gerður skilvirkari, svo sem varðandi kynningu skipulagstillagna, breytingar á skipulagsáætlunum og afgreiðslu þeirra. Þá er lögð áhersla á þátt ríkisvaldsins við stefnumörkun skipulags. Eins og í gildandi skipulags- og byggingarlögum verður höfuðábyrgð á skipulagsgerð áfram hjá sveitarfélögum en lagt er til að ríkisvaldið leggi til heildstæða sýn í skipulagsmálum með landsskipulagsstefnu sem sveitarfélögin eru bundin af. Landsskipulagsstefnu er ætlað að marka stefnu stjórnvalda í skipulagsmálum og fjalla um mál sem varða almannahagsmuni.

2. *Frumvarp til laga um mannvirki.* Í frumvarpinu er lagt til að færa eins og kostur er og hagkvæmt þykir undir eitt ráðuneyti og eina stofnun þau verkefni sem falla undir málaflokkinn og lagt til að sett verði á fót sérstök stofnun, Byggingarstofnun, sem taki að sér þessi verkefni á mannvirkjasviði. Gert er ráð fyrir að verkefni Brunamálastofnunar færist undir hina nýju stofnun sem og eftirlit með byggingarvörum á markaði. Nýjum lögum er fyrst og fremst ætlað að tryggja öryggi og heilnæmi bygginga og auka gæði í mannvirkjagerð auk þess sem með þeim er sérstaklega tekið á aðgengismálum.

3. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um brunavarnir nr. 75/2000.* Gera þarf breytingar á lögum um brunavarnir í samræmi við breytingar sem fram koma í frumvarpi til laga um mannvirki auk annarra breytinga í ljósi reynslu af framkvæmd laganna.

4. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.* Með frumvarpinu eru uppfylltar skyldur íslenska ríkisins um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um raf- og rafeindaúrgang nr. 2002/96/EB inn í EES-samninginn. Með frumvarpinu verður innleidd svokölluð framleiðendaábyrgð vegna raf- og rafeindatækja í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar.

5. *Frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð.* Með frumvarpinu er lagður grunnur að stofnun Vatnajökulspjóðgarðs sem á að taka til jökulsins og helstu áhrifasvæða hans.

6. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um nr. 7/1998 nr. um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna olíuleitarmála.* Frumvarpið varðar verkefni á vegum iðnaðarráðuneytisins um olíuleit og olíuvinnslu á Jan-Mayen svæðinu og er frumvarpinu ætlað að tryggja að gerðar séu fullnægjandi umhverfiskröfur í lögum um þetta verkefni.

7. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda nr. 107/2006.* Frumvarpinu er ætlað að tryggja að stjórnvöld hafi skýrar heimildir til að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda frá fyrirtækjum með það að markmiði að Ísland geti staðið við skuldbindingar Kýótó-bókunarinnar.

8. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um erfðabreyttar lífverur nr. 18/1996.* Markmið frumvarpsins er að uppfylla skyldur íslenska ríkisins um að fella tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/18/EB Evrópuþingsins og ráðsins, um vísvitandi sleppingar erfðabreyttra lífvera út í náttúruna, inn í EES-samninginn.

9. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002.* Gera þarf breytingar á upphæð úrvinnslugjalds vegna pappa-, pappírs- og plastumbúða, en úrvinnslugjald er lagt á þá vöruflokka.

10. *Frumvarp til laga um vatnsstjórnun.* Með frumvarpinu er ætlunin að uppfylla skyldur íslenska ríkisins um að fella Vatnatilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2000/60/EB inn í EES-samninginn. Tilgangur tilskipunarinnar er að setja ramma um verndun yfirborðsvatns á landi, vatns í árósum og sjóblandaðs vatns, strandsjávar og grunnvatns.

11. *Frumvarp til laga um efni og efnavörur.* Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um eitrefni og hættuleg efni nr. 52/1988 og er frumvarpinu m.a. ætlað að taka mið af efnalöggjöf Evrópu (REACH) sem hefur verið í undirbúningi innan Evrópusambandsins en líklegt er talið að sú löggjöf taki gildi vorið 2007.

12. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr.64/1994.* Í frumvarpinu verður kveðið á um kröfur vegna leyfa leiðsögumanna við hreindýraveiðar og um skiptingu hreindýraarðs.

13. *Frumvarp til laga um breyting á náttúruverndarlögum, nr. 44/1999.* Varðar breytingar á ákvæðum laganna vegna utanvegaaksturs.

## **Utanríkisráðuneytið**

1. *Frumvarp til laga um íslensku friðargæsluna og þátttöku hennar í alþjóðlegri friðargæslu.* Í frumvarpinu verður kveðið á um lagaramma fyrir Íslensku friðargæsluna, réttindi og skyldur friðargæsluliða, kjör og umgjörð. Ennfremur er gert ráð fyrir að lögin veiti heimild til ráðherra til að gefa út reglugerðir sem varða nánar starfsumhverfi og umgjörð friðargæslunnar. Frumvarpið var lagt fram á 132. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga og er nú unnið að endurskoðun þess.

2. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Palermo-samnings gegn fjölbjóðlegri og skipulagðri glæpastarfsemi, ásamt bókun við hann um að koma í veg fyrir og refsa fyrir mansal.
3. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópusamnings um aðgerðir gegn mansali.
4. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um að stuðla að fylgni fiskiskipa á úthafinu við alþjóðlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir.
5. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Cartagena-bókunar við samning um líffræðilega fjölbreytni, um líföryggi.
6. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005, um breyting á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2005, um breyting á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.
7. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2005, um breyting á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.
8. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2005, um breyting á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.
9. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2005, um breyting á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn.
10. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2005, um breyting á XIII. viðauka (Samgöngur) við EES-samninginn.
11. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2006, um breyting á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn.
12. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2006, um breyting á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.
13. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2006, um breyting á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.
14. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2006, um breyting á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.
15. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2006, um breyting á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

16. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006, um breyting á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn.

17. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2006, um breyting á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

18. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2006, um breyting á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

19. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2006, um breyting á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn.

20. Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2006, um breyting á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2006, um breyting á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn.

21. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tollabandalags Suður Afríkuríkja.

22. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess, Lýðveldisins Albaníu, Borgaralegrar stjórnsýslu Sameinuðu Þjóðanna í Kósóvó, Bosníu og Hersegóvínu, Lýðveldisins Búlgaríu, Lýðveldisins Íslands, Lýðveldisins Króatíu, Makedóníu, Fyrrum Lýðveldis Júgóslavíu, Konungsríkisins Noregs, Rúmeníu, Serbíu og Svartfjallalands um stofnun samevrópsks flugsvæðis.

23. Tillaga til þingsályktunar um fullgildingu samnings milli Evrópusambandsins og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Íslands og Noregs.

Enn fremur er ætlunin að leggja fram tillögur til þingsályktunar um staðfestingu væntanlegra fiskveiðisamninga vegna ársins 2007.

## **Viðskiptaráðuneyti**

1. Frumvarp til laga um sameignarfélög. Ráðgert er að leggja fram frumvarp til laga um sameignarfélög en heildarlög hafa ekki verið til um þessi félög.

2. Frumvarp til laga um breyting á lögum um hlutafélög (samruni hlutafélaga milli landa). Frumvarp þetta mun fela í sér innleiðingu á 10. tilskipun ESB í félagarétti varðandi samruna hlutafélaga milli landa.

3. Frumvarp til laga um breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Í kjölfar nýrra laga um váttryggingarsamninga þarf að ráðast í breytingar á lögum um hamfaratryggingar (viðlagatryggingu). Stjórn Viðlagatryggingar Íslands hefur látið vinna frumdrög að frumvarpi til

breytinga á lögnum og sent ráðuneytinu. Höfð verður til hliðsjónar undirbúningsvinna sem ráðist var í þegar lög um brunatryggingar voru síðast endurskoðuð og ábendingar og athugasemdir sem tengdust framkvæmd og starfsháttum Viðlagatryggingar vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi árið 2000.

Ýmis álitafni koma til skoðunar við frumvarpssmíðina. Má þar nefna hvort skylda eigi fasteignaeigendur til að hafa eignir tryggðar gegn náttúruhamförum, hlutverk hins opinbera á váttryggingamarkaði og samspil forvarna (Ofanflóðasjóður) og váttryggingar.

*4. Frumvarp til laga um breyting á lögum um váttryggingarsamninga.* Þann 1. janúar 2006 tóku gildi ný heildarlög um váttryggingarsamninga. Vegna ágreinings milli Persónuverndar og Fjármálaeftirlitsins um túlkun á ákvæðum laganna um heimildir váttryggingafélaga að spyrjast fyrir um fjölskyldusögu við töku persónutrygginga hafa vandamál komið upp sem m.a. hafa leitt til þess að tveir erlendir aðilar hafa dregið sig út af markaðnum. Ráðuneytið hefur unnið að frumvarpi þar sem leitast hefur verið við að finna lausn á þessu vandamáli.

*5. Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi.* Löggjöf um fjármálafyrirtæki var endurskoðuð í heild á árinu 2002. Þann 1. janúar sl. tóku síðan gildi ný heildarlög um váttryggingarsamninga, auk þess sem sett hafa verið sjálfstæð lög um miðlun váttrygginga. Það er því tímabært að endurskoða lög um váttryggingastarfsemi. Í því sambandi þarf að hafa í huga breytingar sem gerðar hafa verið á reglum um ársreikninga og reikningsskil. Þá má nefna nokkur önnur atriði sem skýra þarf betur vegna þróunar á markaði, svo sem heimildir váttryggingafélaga til þess að taka þátt í fjárfestingafélagastarfsemi.

*6. Frumvarp til laga um endurtryggingar.* Evróputilskipun um endurtryggingar á að vera innleidd 10. desember 2007. Ekki hafa verið til heildstæðar reglur um starfsemi endurtryggingafélaga og er með tilskipuninni verið að setja sambærileg ákvæði um þá starfsemi og þeirra sem starfa á sviði skaða- og líftrygginga. Á þessari stundu er ekki ljóst hvort tilskipunin verður innleidd með sjálfstæðum lögum um starfsemi endurtryggingafélaga eða með breytingum á lögum um váttryggingastarfsemi.

*7. Frumvarp til laga um ökutækjatryggingar.* Ákvæði er varða málefni ökutækjatrygginga er nú að finna í umferðarlögum, sem falla undir samgönguráðherra. Verið er að skoða hvort þeim málefnum sé betur fyrir komið í sjálfstæðum lögum, auk þess sem verið er að athuga sérstaklega hvernig taka eigi á vandamálum í tengslum við óváttryggð ökutæki í umferð og óskráð ökutæki með hliðsjón af því hvernig staðið verður að innleiðingu á fimmtu tilskipun Evrópusambandsins um ökutækjatryggingar.

*8. Frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki.* Frumvarp þetta tekur á nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi þarf að fara yfir skilgreiningar á því hvað teljist leyfisskyld starfsemi og í öðru lagi er verið að kanna hvort breyta þurfi ákvæðum er varða eiginfjárreglur.

*9. Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.* Árlega er lagt fram frumvarp til laga um breytingu á þessum lögum, sem er grundvöllur fjármögnunar á starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

10. *Frumvarp/frumvörp til laga um breyting á lögum um verðbréfavíðskipti.* Líklegt er að lagt verði fram fleiri en eitt frumvarp um breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti. Er ástæðan sú að fleiri en einn starfshópur er að vinna að frumvarpssmíð en vinnan er mislangt á veg komin í hinum einstöku hópum. Frumvörp þessi eru:

a) *MiFID – Markets in Financial Instrument Directive.*

Með frumvarpi þessu er gerð tillaga að innleiðingu verðbréfamarkaðstilskipunar Evrópusambandsins.

b) *Samhliða skráning.*

Frumvarp þetta varðar heimildir til samhliðaskráningar fjármálagerna (hlutabréfa) í kauphöll hér á landi og erlendis.

c) *Varin skuldabréf.*

Verið er að undirbúa vinnu við frumvarp til laga um varin skuldabréf (covered bonds) en til bráðabirgða er notast við þá þýðingu. Skuldabréf þessi eru tryggð með veði í fasteignatryggðum skuldabréfum eða skuldabréfum útgefnum af opinberum aðilum. Fjármálagerningar þessir hafa mjög rutt sér til rúms hin síðari ár í Evrópu og hefur verið vaxandi áhugi á því héraðs að sett verði sér löggjöf um varin skuldabréf. Á þessari stundu er ekki ljóst hvort farin verður sú leið að leggja til að sett verði sérlög um þessa fjármálagerninga eða hvort þeim ákvæðum verði fundinn staður í lögum um verðbréfavíðskipti.

11. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði.* Ábendingar hafa borist frá markaðnum og Fjármálaeftirlitinu (FME) um að rétt sé að breyta nokkrum ákvæðum laganna, m.a. um heimildir til að breyta verðbréfasjóði í fjárfestingarsjóð og hámarksfjárfestingarheimildir fjárfestingarsjóða. Í ráðuneytinu er verið að vinna að frumvarpi m. t. t. ábendinganna.

12. *Frumvarp til laga um breyting á lögum gjaldeyrismál.* Starfshópur er að störfum um hvar best sé að kveða á um starfsheimildir gjaldeyrisskiptastöðva. Frá því að lög um gjaldeyrismál voru samþykkt hafa orðið breytingar á því hverjir gefa út leyfi til starfsemi, hvar eftirlit með leyfisskyldri starfsemi fer fram og eins hafa nýir aðilar komið fram sem bjóða þjónustu sem ekki var í boði við setningu laganna.

13. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um vexti og verðtryggingu.* Vegna breytinga sem framundan eru í tengslum við verðupptöku vegna útreiknings á breytingum á vísitölu neysluverðs þarf að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu. Breyting þessi varðar viðmiðunartímabil útreiknings og yfirfærslu á milli útreikningskerfa.

14. *Frumvarp til laga um fyrningu skulda.* Í frumvarpi þessu felast tillögur til heildarlaga um fyrningu skulda, sem ætlað er að koma í stað núgildandi laga, sem eru að stofni til frá 1905.

15. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um verslunaratvinnu.* Frumvarp þetta varðar sölu myndverka á listmunauppböðum, og svo á listaverkasölum, þannig að gerð er krafa um áskilnað

um eigendasögu þessara verka. Frumvarp þetta kemur til vegna tillagna nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins sem snerti ráðstafanir til að sporna við fölsunum listaverka.

16. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um Neytendastofu nr. 52/2005.* Frumvarp þetta er tilkomið vegna innleiðingar á reglugerð 2006/2004 EB um samstarf stjórnvalda á sviði neytendamála. Reglugerðina þarf að innleiða fyrir 29. desember 2006. Reglugerðin kallar á að sett verði ákvæði í lög um Neytendastofu til að heimila vettvangsrannsókn að fengnum dómsúrskurði.

17. *Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.* Gert er ráð fyrir að tilskipun 2005/29 EB um óréttmæta viðskiptahætti verði innleidd í íslenskan rétt með frumvarpi þessu. Með tilskipuninni verða til samræmdar reglur innan ESB um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, þ.e. ágengum og villandi viðskiptaháttum.

18. *Frumvarp til laga um breyting á lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996.* Með tilkomu nýrra raforkulaga er ekki samræmi á milli þeirra laga og laga um öryggi raforkuvirkja nr. 146/1996. Nauðsynlegt er að skýra og endurbæta ákvæði 14. gr. laganna sem kveða á um að fyrirtæki, sem framleiða, flytja, dreifa og/eða selja rafmagn, skuli greiða eftirlitsgjald. Verður þar höfð hliðsjón af þeirri verkaskiptingu sem komið hefur verið á með nýju raforkulögum.

19. *Frumvarp til laga um breyting á samkeppnislögum.* Haustið 2004 skipaði forsætisráðherra nefnd sem skyldi annars vegar fjalla um stjórnvaldssektir við efnahagsbrotum og hins vegar önnur viðurlög (efnahagsbrotanefndin). Þá skyldi nefndin fjalla um hlutverk eftirlitsaðila og verkaskiptingu þeirra á milli, þar á meðal skil á milli þeirra, sem heimilt er að beita stjórnvaldssektum og lögreglu og ákærvalds. Nefndin hefur fjallað um Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið sérstaklega í þessu sambandi. Í kjölfar þess að nefndin skilar af sér, mun frumvarp til breytingar á samkeppnislögum lagt fyrir Alþingi. Það frumvarp mun taka mið af niðurstöðum nefndarinnar. Auk þess er hugsanlegt að tillögur að breytingum á ákvæðum samkeppnislaga um samruna verði í frumvarpinu.

20. *Frumvarp til laga um breyting á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.* Í kjölfar þess að efnahagsbrotanefndin skilar af sér, mun frumvarp til breytingar á ýmsum lögum á fjármálamarkaði lagt fyrir Alþingi. Það frumvarp mun taka mið af niðurstöðum nefndarinnar.